

Ed.

714. Frumvarp til laga

[132. mál]

um breyting á lögum nr. 40 30. apríl 1963, um almannatryggingar.

(Eftir 2. umr. í Nd., 25. apríl.)

1. gr.

39. gr. laganna hljóði svo:

Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn auka-
iðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra slysa, sem þeir bera samkvæmt 18. gr. laga
nr. 67 31. des. 1963, þannig að Tryggingastofnunin greiði hinum slasaða fullt kaup
eða aflahlut í stað dagpeninga samkv. 35. gr., jafnlangan tíma og sjómanna-
lög ákveða hverju sinni.

2. gr.

Við 1. mgr. 46. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 83/1967, bætist nýr töluliður, sem
verði f-liður og hljóði svo:

f. Að greiða bætur skv. 53. gr., enda renni iðgjöld sjúkratrygginga, sem útgerð-
armenn greiða og/eða ríkissjóður og sveitarsjóðir þeirra vegna, til sjúkra-
tryggingadeildar Tryggingastofnunarinnar.

3. gr.

Ný gr., sem verði 53. gr. laganna, bætist við, en töluröð annarra greina breyt-
ist í samræmi við það:

Ráðherra getur ákveðið, að útgerðarmönnum skuli skylt að tryggja gegn auka-
iðgjaldi áhættu þá vegna bótaskyldra veikinda, sem þeir bera samkvæmt 18. gr.
laga nr. 67 31. des. 1963, þannig að Tryggingastofnunin greiði hinum sjúka fullt
kaup eða aflahlut í stað dagpeninga sjúkrasamlags samkvæmt 50. gr., jafnlangan
tíma og sjómanna-
lög ákveða hverju sinni.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.